



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Skrifstofa menningar- og íþróttasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjóðarhöll og nýtingu Laugardalshallar.**

Á fundi borgarráðs 16. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um þjóðarhöll:

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkti á fundi sínum 15. mars sl. að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna þjóðarhallar í Laugardal. Munu nemendur og félög Laugardalsins fá trygga íþrótt- og æfingaaðstöðu í þjóðarhöllinni? Munu Ármann og Þróttur fá trygga aðstöðu í þjóðarhöllinni? Miklar áhyggjur eru af samnýtingu þjóðarhallar og finnst íþróttafélögum, skólayfirvöldum, foreldrum og börnum mikil óvissa um hvort þau fái trygga notkun/aðstöðu af höllinni fyrir sína starfsemi, lögbundna (skólaíþróttir) sem aðra. Ekki hefur verið rætt við skólayfirvöld eða foreldra barna í Laugardal nýlega og þau hvorki spurð né boðið að borðinu þegar rætt er um samnýtingu þjóðarhallar. Fyrir liggur yfirlýsing frá aðalstjórn Þróttar og Glímufélagsins Ármanns þar sem fram kemur að mannvirkið eins og það er kynnt muni ekki leysa aðstöðuvanda íþróttafélaganna í dalnum. Það mun ekki anna þörf hverfisfélaganna fyrir æfingatíma fyrir börn, unglinga og meistaraflokka né æfingar félagsfólks og barna. Óttast er að félög sem hér eru nefnd muni mæta afgangi ef fram fer sem horfir. Flokkur fólksins spyr hvort ekki eigi að ræða við þessa aðila til að létta á áhyggjum þeirra. Það verður að tryggja aðstöðu hverfifélaganna í Laugardal enda um bráðamál að ræða.

Á fundi borgarráðs 16. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um nýtingu Laugardalshallar:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvort fjármögnun Laugardalshallarinnar verði breytt þegar þjóðarhöll er risin, þannig að hún verði þá ekki í útleigu heldur aðeins nýtt fyrir skólana í dalnum og íþróttafélögin. Aðstöðuleysi hefur háð félögunum í Laugardal um langa hríð en borgarstjóri hefur sagt að með nýrri þjóðarhöll, sem stefnan er að rísi í Laugardal árið 2025, muni Ármann og Þróttur geta haft Laugardalshöll út af fyrir sig. Þau muni svo hafa aðgang að þjóðarhöll einnig. Þetta hefur komið fram í fjölmiðlum í viðtali við borgarstjóra. Í sameiginlegri ályktun aðalstjórna Þróttar og Ármanns vegna frumathugunar framkvæmdanefndar um þjóðarhöll í síðasta mánuði kemur fram að aðstöðuvandi hverfisfélaganna sé bráðamál sem þolir enga bið. Settir eru fyrirvarar við þá hugmynd að þjóðarhöll leysi aðstöðuvanda félaganna. Óttast er að ný þjóðarhöll muni ekki anna þörf fyrir æfingatíma barna, unglinga og meistaraflokka og muni þurfa að víkja fyrir annarri starfsemi í höllinni rétt eins og staðan sé nú og hafi verið síðustu áratugi varðandi Laugardalshöll. Það sé óviðunandi fyrir félögin. Frá áramótum hafi alls 32 æfingadagar fallið niður í Laugardalshöll.



Fyrirspurnunum var vísað til umsagnar skrifstofu menningar- og íþróttasviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 29. mars 2023.

**Svar:**

Í fyrirbyggjandi áætlunum um byggingu þjóðarhallar í Laugardal við hlið Laugardalshallar, er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir nemendur grunnskóla og íþróttafélög auk afnota fyrir sérsambönd, afreksfólk, almenning, lýðheilsuþátt, menningu, viðburði og atvinnulífið.

Gert er ráð fyrir að Laugardalshöll verði samnýtt með nýrri þjóðarhöll og þannig verði auðveldara að skipuleggja æfingar, keppnir, landsleiki og aðra viðburði. Ekki er gert ráð fyrir að skólar og félög mæti afgangi hvað varðar nýtingu þessara mannvirkja.

Árman og Þróttur hafa nú til afnota um 1.400 tíma í Laugardalshöll á hverjum vetri, samkvæmt æfingatöflum ÍBR, auk 2.200 tíma í íþróttamannvirkjum skóla, eða alls um 3.600 æfingátíma á vetri fyrir inni íþróttir.

Samkvæmt núverandi áætlunum um nýtingu Laugardalshallar og þjóðarhallar fyrir íþróttastarf á vegum þessara félaga er gert ráð fyrir að félögin fái um 9.000 æfingátíma á ári í báðum höllunum. Það er, fari úr 3.600 tímum alls á ári, miðað við 5-10 ára frumáætlanir um vöxt á vegum félaganna, í allt að 12.000 tíma á ári miðað við áframhaldandi notkun á íþróttahúsum skóla. Grunnskólar gætu fengið um 1.900 tíma á ári í Laugardalshöll.

Íþróttafélögin hafa lagt fram sínar áætlanir og óskir um tímaþarfir í þjóðarhöllinni til framkvæmdanefndar um byggingu þjóðarhallar, það hefur verið tekið mið af þeim óskum við gerð frumdraga að tímaáætlunum í báðum mannvirkjunum.

Fulltrúar íþróttafélaganna, ásamt fulltrúum ÍSÍ, ÍBR, SFS hafa aðkomu að ráðgjafanefnd um byggingu þjóðarhallar. Haldnir hafa verið tveir fundir í nefndinni auk þess sem fundað hefur verið með fulltrúum einstakra aðila.

Fyrirhugaðir eru fleiri fundir á næstunni til að ræða sérstaklega nýtingu mannvirkjanna, samrekstur og gerð æfingataflna.

Ekki er gert ráð fyrir að fjármögnun Laugardalshallar verði breytt þegar þjóðarhöllin verður risin, heldur verður um samrekstur mannvirkja að ræða.

Þeir 32 dagar sem féllu niður af æfingum í Laugardalshöll á þessu ári, eru fyrst og fremst tilkomnir vegna íþróttaviðburða, en ekki annarra viðburða. Æfingar féllu niður vegna bikarkeppna á vegum HSÍ og KKÍ, alls 11 dagar, vegna landsleikja á vegum HSÍ og KKÍ, alls 7 dagar, vegna Reykjavík International Games (RIG) alls 6 dagar, vegna leikja á vegum Ármanns og Þróttar, alls 5 dagar, vegna Íslandsmeistaramóts í dansi alls 3 dagar. Þá var höllinni lokað í 8 daga vegna uppsetningar á nýjum áhorfendabekkjum.

Eiríkur Björn Björgvinsson,  
sviðsstjóri.